



HAFNARFJÖRÐUR

Fimleikafélag Hafnarfjarðar

Kaplakrika
221 Hafnarfjörður

Hafnarfirði, 16. nóvember 2015
1511091 JOG

Efni: FH Kaplakrika, kvörtun vegna ljósaskiltis á girðingu

Á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar dags. 11. nóvember sl. var eftirfarandi mál til umfjöllunar og afgreiðsla þess var:

Tekin fyrir ábending lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa þann 8. apríl 2015 heimilaði skipulags- og byggingarfulltrúi uppsetningu markatöflu innan lóðar FH við Kaplakrika en vísaði jafnframt í samþykkt um skilti í lögsögu Hafnarfjarðar varðandi blökk og ljósmagn.

Skipulagsfulltrúi og byggingarfulltrúi ítreka fyrri bókun og óska eftir því við hönnuð og FH að bregðast við.

Varðandi ábendingu um of sterka birtu af nýjum umferðarljósum er því máli vísað til undirbúningshóps umferðarmála.

Virðingarfyllst,


Hafnarfjarðarbær
Umhverfis- og skipulagsþjónusta

Hildur Bjarnadóttir
byggingarfulltrúi